

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar nr. 99/2013 með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. samþykktarinnar:

4. tölul. greinarinnar orðast svo:

Mál sem bæjarfulltrúar óska eftir að tekið verði á dagskrá, sbr. og mál sem bæjarfulltrúi óskar að tekið verði á dagskrá skv. 2. tl. 55. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. samþykktarinnar:

a. f. liður greinarinnar orðast svo:

Ávarp ræðumanns. Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með nafni. Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.

b. g. liður greinarinnar orðast svo:

Hve oft má tala. Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er bæjarfulltrúa að taka oftár til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Forseti getur í umræðum um umfangsmikil mál heimilað bæjarfulltrúum að taka oftár til máls og skal tilkynna það við upphaf umræðna. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða fram-sögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftár en tvisvar við hverja umræðu máls. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.

c. h. liður greinarinnar orðast svo:

Ræðutími. Ekki eru takmarkanir á ræðutíma bæjarfulltrúa. Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann þó lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. samþykktarinnar:

1. másl. 2. mgr. greinarinnar orðast svo:

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarmanni eða starfsmanni sveitarfélagsins að vikja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

4. gr.

Starfsheitið „embættismanns“ í 3. mgr. 21. gr. samþykktarinnar breytist og í stað þess kemur starfsheitið: sviðsstjóra.

5. gr.

1. mgr. 27. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm aðalmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð, sbr. þó 3. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Á eftir 30. gr. samþykktarinnar kemur ný grein ásamt fyrirsögn sem verður 31. gr. svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Trúnaðarmálalabók bæjarráðs.

Bókað skal um ákvarðanir bæjarráðs í fundargerð sem er öllum opin.

Bæjarráð getur þó ákveðið að víkja frá því og bókað um tiltekið mál í trúnaðarmálalabók þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls.

Það á m.a. við þegar um er að ræða mál er varða einka- eða fjárhagsmálefni tiltekinna einstaklinga eða fyrirtækja, sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt skuli fara.

Einnig má bóka í trúnaðarmálalabók um umræður og ákvarðanir um fjárhagsleg málefni bæjarins, sem leynt þurfa að fara á meðan unnið er í málinu.

Trúnaði skal aflétta um leið og þörf á leynd er ekki lengur fyrir hendi og skal það gert með formlegum hætti í bæjarráði.

Við mat á því hvort mál skuli fært í trúnaðarmálalabók skal litið til reglna 5.-10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 um rétt almennings til aðgangs að gögnum.

7. gr.

Í 1. mgr. 37. gr., áður 36. gr., samþykktarinnar breytist tilvísun úr 47. gr. í 48. gr.

8. gr.

48. gr., áður 47. gr., samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir. Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda skv. A- og B-lið:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

Bæjarráð. Fimm aðalfulltrúar sem sæti eiga í bæjarstjórn og fimm til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bæjarráð fer með fjárhagsmálefni bæjarins sbr. 33. gr. samþykktar þessarar, kjaramál, málefni stjórnsýslu og innra stjórnskipulag Akureyrarkaupstaðar. Þá fer ráðið með málefni íbúalýðræðis og hverfisnefnda.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar nefndir kosnar:

1. *Fristundaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið fer með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 en að auki sér ráðið um framkvæmd fjölskyldustefnu Akureyrarkaupstaðar, vinnu að forvörnum og er bæjarstjórn til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnamál. Þá fer ráðið með tómsundamál, málefni íþróttar og hollrar hreyfingar og málefni íþróttamannvirkja.
2. *Fræðsluráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið annast málefni grunnskóla, skv. 6. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Auk þess fer ráðið með málefni leikskóla skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
3. *Kjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Kjörstjórn fer með verkefni kjörstjórnar við alþingiskosningar skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og yfirkjörstjórnar við bæjarstjórnarkosningar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
4. *Skipulagsráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Skipulagsráð annast störf þau er skipulags- og byggingarnefnd eru falin skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
5. *Stjórn Akureyrarstofu.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Stjórnin fer með menningarmál, og málefni ferðapjónustu ásamt kynningu og markaðssetningu bæjarfélagsins. Þá fer stjórnin með störf stjórnar almenningsbókasafna skv. bókasafnalögum nr. 150/2012. Stjórnin fer einnig með atvinnumál í sveitarfélaginu.
6. *Umhverfis- og mannvirkjaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið fer með fasteignir Akureyrarkaupstaðar, málefni Slökkviliðs Akureyrar, Strætisvagna Akureyrar, umhverfismiðstöðvar og málefni laga um búfjárhald nr. 38/2013. Ráðið fer einnig með umhverfismál, náttúruvernd og sorpmál.
7. *Velferðarráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Velferðarráð fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Jafnframt fer

velferðarráð með stjórn málefna aldraðra. Þá sér ráðið auk þess um framkvæmd laga um húsnæðismál nr. 44/1998, önnur en fjárhagsmál sem heyra undir bæjarráð.

C. Tilnefningar þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga og í stjórnir:

1. *Almannavarnanefnd Eyjafjarðar*. Tveir aðalmenn og tveir til vara, sbr. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
2. *Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar*. Tveir aðalmenn og einn til vara, sbr. samþykkt stofnfundar frá 15. nóvember 1998 og stofnsamning Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. Þessir stjórnarmenn skulu kosnir árlega fyrir aðalfund Atvinnuþróunarfélagsins.
3. *Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara skv. III. kafla og 87. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 2.1. gr. í samningi um stofnun á sameiginlegri barnaverndarnefnd frá 24. nóvember 1999.
4. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
5. *Hafnasamlag Norðurlands*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, skv. lögum um hafnamál nr. 61/2003 og sbr. stofnsamning frá 28. desember 1996.
6. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
7. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fimm þingfulltrúar og fimm til vara skv. 7. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
8. *Eyþing, samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum*. Níu aðalmenn og níu til vara, sbr. samþykkt aðalfundar Eyþings frá 9. október 2010.
9. *Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra*. Einn aðalmaður og einn til vara samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og samþykkt frá 2. febrúar 1988.
10. *Skólanefndir Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri*. Bæjarstjórn tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara í hvora nefnd til Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar sem kys í nefndirnar skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.
11. *Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarkaupstaðar*. Tveir aðalmenn úr hópi bæjarfulltrúa og tveir til vara. Jafnframt eiga sæti í stjórninni sjóðsfélagar tilnefndir af Kili og tveir til vara og bæjarstjóri sem er formaður, sbr. 4. gr. samþykktu fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarkaupstaðar frá 16. maí 2012.

D. Aðrar nefndir sem stofnaðar verða.

E. Verkefnabundnar nefndir:

Bæjarstjórn og bæjarráð geta skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

9. gr.

51. gr., áður 50. gr., samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar og að höfðu samráði við viðkomandi fagråd, ræður sviðsstjóra sem heyra beint undir hann í skipuriti svo og framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarsjóðs og veitir þeim lausn frá starfi.

Bæjarstjóri í samráði við forseta bæjarstjórnar ákveður hver skuli gegna störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

10. gr.

52. gr., áður 51. gr., samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Sviðsstjórar ráða deildarstjóra, eftir atvikum forstöðumenn, að höfðu samráði við viðkomandi fagråd.

Sviðsstjórar, deildarstjórar og forstöðumenn ráða aðra starfsmenn.

11. gr.

53. gr., áður 52. gr., samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarstjórn er heimilt að fela sviðsstjórum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 36. gr. samþykktar þessarar. Heimild þessi skal sett í erindisbréf sviðsstjóra og í erindisbréf viðkomandi nefndar sem málið heyrir undir og staðfest er af bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu sviðsstjóra en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Sviðsstjóra er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi fagnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

12. gr.

54. gr., áður 53. gr., samþykktarinnar, ásamt fyrirsögn breytist og orðast svo:

Mál sem fengið hafa fullnaðarafgreiðslu nefnda eða sviðsstjóra er heimilt að vísa til bæjarstjórnar.

Mál sem sviðsstjóra er heimilt að afgreiða eða sem hefur fengið afgreiðslu í nefnd getur komið til ákvörðunar bæjarstjórnar með tvennum hætti:

1. Nefnd er skylt að vísa afgreiðslu máls til bæjarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur atkvæðisbærra fundarmanna óskar eftir því með bókun á nefndarfundi.
2. Bæjarfulltrúi getur með formlegri og rökstuddri tillögu óskað þess að ákvörðun nefndar skv. 36. gr. eða sviðsstjóra skv. 53. gr. verði tekin á dagskrá bæjarstjórnar. Þetta gildir þó ekki ef ákvörðun hefur verið tilkynnt málsaðila og hagsmunir hans mæla gegn því að mál verði tekið upp að nýju.

13. gr.

Starfsheitið „embættismanni“ í 1. mgr. 55. gr., áður 54. gr., samþykktarinnar breytist og í stað þess kemur: sviðsstjóra.

14. gr.

Í 65. gr., áður 64. gr., samþykktarinnar breytist tilvísun úr 65. gr. í 66. gr.

15. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 23. febrúar 2017.

F. h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,

Ólafur Kr. Hjörleifsson.

Stefanía Traustadóttir.